

Frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis.

Alþingiskosningar 27. apríl 2013

Framboðsfrestur til alþingiskosninga sem fram eiga að fara 27. apríl 2013, rennur út kl. 12 á hádegi föstudaginn 12. apríl nk.

Framboð í Norðvesturkjördæmi skal til kynna skriflega til yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, sem veitir þeim viðtöku á Hótel Borgarnesi, Borgarnesi, föstudaginn 12. apríl 2013, kl. 09.00-12.00.

Á framboðslistum skulu vera nöfn 16 frambjóðenda eða tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal greinilega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili.

Framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Framboðslista skal og fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í Norðvesturkjördæmi um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórn málasamtök listinn er boðinn fram. Tilgreina skal nafn meðmælanda, kennitölu hans og heimili. Fjöldi meðmælendaskal vera 240 hið fæsta og eigi fleiri en 320. Sami kjósandi má ekki mæla með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir verður kjósendinn ekki talinn meðmælandi neins þeirra. Loks skal fylgja skrifleg til kynning frá frambjóðendum listans um það hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit að framboðslistar og meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir í tölvutæku formi (excel-skjali á minnislykli).

Fundur yfirkjörstjórnna til að úrskurða um framboð, þar sem umboðsmönnum framboðslista gefst kostur á að vera viðstaddir, verður haldinn á Hótel Borgarnesi, Borgarnesi, laugardaginn 13. apríl 2013 kl. 15.00. Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl 2013, verður aðsetur yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis á Hótel Borgarnesi, Borgarnesi, þar sem talning atkvæða fer fram að loknum kjörfundi kl. 22.00.

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis

29. mars 2013

Ríkarður Másson

Stefán Ólafsson

Ingibjörg Hafstað

Guðný Ársælsdóttir

Karl Gunnarsson